

REGLUGERÐ UM LOTTÓ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

Greinargerð:

Nýt reglugerð tók gildi á árinu 2024. Við greiðslur til sambandsaðila um áramót kom í ljós að hagstofan birtir ekki tölur fyrir 31. desember fyrr en 3-4 mánuðum síðar. Mikilvægt er að tölur séu einungis uppfærðar einu sinni á ári og ekki þurfi að fara í aðgerðir til að leiðrétta úthlutun síðar á árinu. Það er ástæða þess að lagt er til að viðmiðunartölur séu uppfærðar einu sinni á ári, og notast sé við þær tölur sem eru til staðar í byrjun hvers árs.

Einnig hefur komið fram í umræðum fjárhags- og greiningarnefndar og stjórnar UMFÍ hugmyndir um breytingar á reglugerð fræðslu- og verkefnasjóðs á þann hátt að UMFÍ geti ekki sótt í sjóðinn lengur. Af þeim sökum er lögð til breyting á hlutfalli í sjóðinn um 2% og þau fari til UMFÍ í sameiginleg verkefni fyrir sambandsaðila. Hugmyndir eru uppi um að fjármagnið geti t.d. nýst í að greiða fyrir fulltrúa sambandsaðila á þing, í sameiginleg verkefni eins og aðgang að bókhaldskerfi og þ.h.

LOTTÓREGLUR OG LOTTÓÚTHLUTANIR

I. SKIPTING LOTTÓTEKNA UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 16% til UMFÍ.
- 5% til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. SKIPTING LOTTÓTEKNA TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

- Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:
- 15% til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða.
- 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

III. REGLA VEGNA SKIPTINGAR TIL REKSTURS SVÆÐISSTÖÐVA ÍÞRÓTTAHÉRAÐA

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða er ekki háð skilyrðum.

IV. REGLA VEGNA SKIPTINGAR TIL SAMBANDSAÐILA

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

V. UM ÚTHLUTUN

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

FYRIRVARI

Sé fjármögnun til svæðisstöðva íþróttahéraða frá ríkisvaldi ekki framlengd skal taka afstöðu til framhalds málsins á sambandsráðsfundi 2026.

Notast skal við útgefnar tölur frá Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og greitt út eftir þeim út árið.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi.

Vísað til: Fjárhagsnefndar.

Samþykkt.